

Námsgrein: Samfélagsfræði

Kennarar: Esther Inga Níelsdóttir og Laufey Ósk Andrésdóttir.

Nemendur: 41

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Undir þessa grein heyra eftirtalin svið: saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði.

Greinin fjallar um samfélög og menningu á gagnrýnninn og upplýsandi hátt. Skylda hvers samfélags er að fræða nemendur um jafnrétti, mannréttindi, umhyggju og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

Nauðsynlegt er að þroska hæfni nemenda til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra svo sem við fjölskyldu, og að mynda ný tengsl við breytilegar aðstæður.

Rætur og menntagildi má útskýra á eftirfarandi hátt:

1. Hæfni til að skilja umhverfið, samfélagið og söguna til að víkka reynsluheim nemenda.
2. Hæfni nemenda til að átta sig á eigin sjálfsmynd til að víkka út hugarheim nemenda.
3. Hæfni til að mynda og þróa tengsl við aðra og hvetja til þátttöku í félagsheimi sínum.

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi á grundvallarviðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu.

Að nemendur tileinki sér réttisýni og ábyrgð og gildismat sem byggir á hæfni til að setja sig í spor annarra.

Hver fræðigrein innan samfélagsgreina gegnir ákveðnu hlutverki:

Sögukennsla byggir á heimildum um sögu og samfélög frá fortíð til okkar tíma. Trúarbragðafræði á að auka skilning á ríkjandi trúarbrögðum með umburðarlyndi og víðsýni að leiðarljósi. Landafræði fjallar um breytileg lífsskilyrði fólks í heiminum.

Siðfræði eflir siðvit og fjallar um siðferðileg álitamál. Þjóðfélagsfræði fjallar um það þjóðfélag sem við búum í og samskipti okkar við umheiminn. Henni er ætlað að styrkja ábyrgð og frumkvæði nemenda á skapandi hátt.

Hæfniviðmið í samfélagsgreinum eru þrískipt:

1. Reynsluheimur m.a. : Saga Íslands, saga heimsins, jörðin, fjölmennning, náttúruskilyrði og náttúruferla, kortalæsi, sjálfbærni og auðlindir.
2. Félagsheimur m.a. : Umburðarlyndi, samfélagsreglur, mannréttindi, tjáning, samræða, miðlun og sköpun.

Í töflunni hér fyrir neðan má sjá þau hæfniviðmið sem unnið eftir, hvaða kennsluhættir eru viðhafðir og hvernig námið er metið. Í lotum í Mentor er að finna nánari lýsingar á tilhögun þeirra viðfangsefna sem nemendur fást við.

Komið er til móts við mismunandi þarfir nemenda með ýmsum hætti. Þeir sem þurfa aukna námsaðstoð vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum eða námskrám sem umsjónar- eða faggreinakennari setur upp í samráði við foreldra. Það sama á við um þá nemendur sem geta tekist á við flóknari eða viðameiri viðfangsefni.

	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Reynsluheimur	Nemandi getur: - Sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs - Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum - Greint mynstur mannlegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum - Sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf - Sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu - Sýnt fram á skilning á heimabyggð sinni og útskýrt samhengi hennar við umhverfi, sögu, menningu, listir, félagsstarf og atvinnulíf - Aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðu, texta og myndrænum búningi - Gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun	Um víða veröld er lesin, fjallað um efni hennar og valin verkefni úr bókinni unnin. Nemendur vinna sjálfstætt eða saman við að svara spurningum og verkefnum úr bókinni. Bókin 1918 er lesin með nemendum og efni hennar rætt. Efnið tengt við atburði og fréttir sem eru nær nemendum í tíma svo þeir tengi atburði ársins 1918 við eigin upplifun og geti sett í spor þeirra sem þá lifðu. Bókin Rokk og róttækni lesin með nemendum og efni hennar rætt. Valin verkefni unnin úr bókinni. Bækurnar Hindúatrú og Gyðingatrú lesnar með nemendum. Nemendur vinna verkefni sem tengjast trúarbrögðum og menningu út frá þeim. Umræður um efnið og upplýsinga leitað á netinu til þess að dýpka og auka skilning. Nemendur þurfa að taka þátt í umræðum og fá tækifæri til að segja frá eigin reynslu sem tengist hverju viðfangsefni fyrir sig. Reynt verður eftir fremsta megni að tengja allt námsefni við nærumhverfi nemenda og heimabyggð þeirra auk	Um víða veröld: Jörðin - Paraverkefni um náttúruhamfarir - Landakortverkefni - Hópverkefni um eyðimerkur - Verkefni um mengun í sjó - Hópverkefni um sjálfbærni og auðlindir - Paraverkefni um hælisleitendur, innflytjendur og flóttamenn - Verkefni um mengun og endurvinnslu Rokk og róttækni - Heimaverkefni um hippaárin og unglingamenningu í Keflavík. - Hópverkefni um hippaárin 1918 - Verkefni um náttúruhamfarir Lögð verður áhersla á heimildaöflun nemenda og hópastarf. Hindúatrú - Vefleiðangur um hindúatrú Gyðingdómur - Hópverkefni um gyðingdóm

	• Fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður • Útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði • Útskýrt með dæmum hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum. • Útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga. • Rætt og borið saman ólík trúar og lífsviðhorf og gert sér grein fyrir hvað er sameiginlegt og hvað sérstætt • Bent á og fyrirbyggt og brugðist rétt við ýmsum hættum og slysagildrum í umhverfinu og náttúrunni	Þess sem kennari og nemendur munu fjalla um sögu og menningu Reykjanesbæjar	Í hópastarfi meta nemendur eigin frammistöðu og annarra með sjálfsmati og jafningjamati.
Félagsheimur	Nemandi getur: • Brugðist við skoðunum annarra á fordómalausan hátt • Geti tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti einn eða í samstarfi við aðra.		

	• Sýnt sjálfsaga og virðingu í mannlegum samskiptum við ólíka einstaklinga • Vönduð vinnubrögð við framsetningu efnis, t.d. glósur, vinnubók, veggspjöld o.fl.		
Námsgögn: Um víða veröld: jörðin, Árið 1918, Rokk og róttækni, Gyðingdómur, Hindúatrú. Námsmat: Leiðsagnarmat í formi munnlegra og skriflegra leiðbeininga og endurgjafa kennara, kannanir og fl. og hins vegar á lokamati. Lokamatsverkefni reyna á þá hæfni sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér að lokinni innlögn og þjálfun. Kannað er hvort nemendur geti beitt þeirri þekkingu sem þeir hafa tileinkað sér af öryggi og með góðum skilningi, þ.e. sýnt fram á ákveðna hæfni. Lokamat: Verkefni um kortalæsi, menningarkafla, gagnakannanir, ritanir, hópverkefni, heimildaverkefni verða verkefni sem metin eru til lokamats.			